

- b. upplýsingar um ökutæki, eftirvagna eða hjólhýsi eigi lengur en þrjú ár,
- c. aðrar upplýsingar eigi lengur en tíu ár.

18. gr.

Tölvunefnd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Tölvunefnd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi upplýsingakerfisins sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það.

Tölvunefnd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu skv. 1. mgr.

Nú gerir tölvunefnd athugasemdir við starfrækslu upplýsingakerfisins og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið.

19. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna, þar með talið um:

- a. öryggisþætti upplýsingakerfisins og innra eftirlit með því, sbr. 3. gr.,
- b. hæfis- og öryggiskröfur sem starfsmenn lögreglu eða Útlendingaeftirlits verða að fullnægja til að starfa við upplýsingakerfið, sbr. 2. mgr. 10. gr.,
- c. eftirlit tölvunefndar með upplýsingakerfinu, sbr. 18. gr.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Efnavopn.

Í lögum þessum merkir efnavopn:

- a. eiturefni og forstigsefni þeirra, nema þau séu ætluð til nota sem ekki eru bönnuð samkvæmt samningi um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra frá 13. janúar 1993, enda samræmist gerð og magn efnanna slíkum notum;
- b. skotfæri og tæki sem sérstaklega eru gerð til að valda bana eða öðrum skaða með eituráhrifum eiturefna skv. a-lið er leysast mundu úr læðingi við beitingu slíkra skotfæra eða tækja;

- c. hvern þann búnað sem sérstaklega er gerður til að nota í beinum tengslum við beitingu skotfæra eða tækja skv. b-lið.

2. gr.

Bann við meðferð efnavopna.

Enginn má þróa, framleiða, afla, safna, nota eða hafa í vörslu sinni efnavopn né afhenda slík vopn þannig að það stríði gegn samningnum um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

3. gr.

Innlent eftirlit.

Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Hollustuvernd getur krafist allra upplýsinga og annarra gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála.

Hollustuvernd getur að undangengnum dómsúrskurði gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum. Við framkvæmd athugunar skal lögregla veita Hollustuvernd nauðsynlega aðstoð.

Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum. Getur hann samið við hæfa aðila að mati Hollustuverndar um framkvæmd eftirlitsins, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Alþjóðlegt eftirlit.

Eftirlitsmönnum sem starfa á grundvelli samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra er heimilt að framkvæma hérlandis skoðanir sem kveðið er á um í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland framfylgir skyldum sínum samkvæmt samningnum. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins skulu vera viðstaddir slíkar skoðanir.

Eftirlitsmenn sem starfa á grundvelli samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra skulu njóta friðhelgi og forréttinda hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

5. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra sem í hlut á getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

6. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Nú er brotið ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að sex árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennta hegningarlaga.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr 53/1997, kemur: ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: stjórnarráðið.

4. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: Stjórnarráðið.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.